

hefur bráðabirgðaskráningarmarki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. febrúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 450 20. desember 1977.

Liður 2. „Notkun til heimilisþarfa“ orðist þannig:

2 Notkun til heimilisþarfa.

2.1 Fast gjald	kr. F1 + F3
Orkugjald	— 15.00 á kWst.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku!ögum nr. 58 29 apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. janúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960, um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

55. gr., sbr. reglugerð nr. 186 24. ágúst 1966, orðist svo:
Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu vera:

A. Prófgjöld:

1. Almenn bifreiðastjórapróf	kr. 4 000
2. Próf í akstri bifhjóla	— 3 000
3. Próf í akstri létttra bifhjóla	— 1 000
4. Próf í akstri dráttarvéla	— 2 000
5. Ökukennarapróf	— 15 000